

Hjördís Sigurðardóttir
Stofnandi og framkvæmdastjóri
Borgartún 27
Sími 6985314
T-póstur: hjordis@sporisandinn.is



Hafnarfjarðarbær
Bæjarráð

Efni: Möguleg afnot af landi í Hafnarfirði - *Biodome Hafnarfjörður*

06. október 2015

Góðan dag,

Um nokkurra mánaða skeið hef ég unnið að viðskiptahugmynd sem gengur út á að reisa sjálfbærar gróðurhvelvingar sem tengjast sundlaug og bjóða upp á nýja upplifun í ferðapjónustu, fræðslu og afþreyingu. Skapa á grænan heim allt árið, ljós í myrkrinu og endurnærandi stað fyrir sál og líkama.

Verkefnið hefur hlotið góðan hljómgrunn en m.a. var það valið inn í frumkvöðlahraðalinn Startup Reykjavík nú í vor. Það eitt og sér fól í sér mikið tækifæri til að kynna verkefnið fyrir fjárfestum og aðilum í viðskiptaheiminum.

Síðastliðna mánuði hefur sjónum verið beint að landi til hliðar við Laugardalslaug í Reykjavík á borgarlandi sem nú er leigt sem tjaldstæði. Verkefnið, sem fékk vinnuheitið Biodome Reykjavík - má kynna sér á vefnum: www.sporisandinn.is. Einnig hafa aðrir staðir verið skoðaðir og þar á meðal lóðin við Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði. Síðsumars, fór ég ásamt fulltrúum Markaðastofu Hafnarfjarðar um svæðið og fékk í kjölfarið tæknileg gögn er varða laugina.

Hér með óska ég eftir því að fá að kynna hugmyndafræði slíks verkefnis fyrir bæjaryfirvöldum Hafnarfjarðar og eiga í framhaldinu viðræðu um hvort bærinn vill skoða það nánar að vinna með Spor í sandinn að uppbyggingu sem þessari í Hafnarfirði - Verkefnið fengi þá vinnuheitið "*Biodome Hafnarfjörður*"

Vinsamlega látið mig vita hvort það sé áhugi fyrir hendi á kynningunni og þá hvenær sá fundur gæti orðið. Ég er einnig með góða aðstöðu í Borgartúni 27, 3. hæð, en aðilar eru einnig velkomnir í heimsókn og ræða málin.

Með góðri kveðju
Hjördís Sigurðardóttir
